

## Minnisblað

*Viðtakandi:* Samstarfsnefnd um sameiningu Fljótsdalshéraðs, Borgarfjarðar eystri, Seyðisfjarðarkaupstaðar og Djúpavogshrepps.

*Sendandi:* Starfshópur um Íþróttta- tómstunda og menningarmál.

*Efni:* Tillögur að ákvörðunum sem taka skal varðandi málasviðið og hvaða samþykktir, reglur og gjaldskrár skuli gilda.

## Starfshópur um íþróttta- menningar og tómstundamál

### Almennt

Eftirtaldir skipuðu starfshópin:

Djúpavogshreppur: Kristján Ingimarsson Formaður Fræðslu tómstunda og jafnréttisnefndar og formaður starfshópsins.

Borgarfjarðarhreppur: Helgi Hlynur Ásgrímsson

Seyðisfjarðarkaupstaður: Jónína Brá Árnadóttir

Fljótsdalshérað: Óðinn Gunnar Óðinsson og Bylgja Borgþórsdóttir

Starfshópurinn fundaði sex sinnum, 20. janúar, 27. Janúar, 3. febrúar, 12. febrúar, 17. febrúar og 24. febrúar.

Markmið starfshópsins:

Kortleggja þær samþykktir, reglur og gjaldskrár sem gilda á málasviði þeirra og gera tillögu að samræmingu þeirra eða endurskoðun.

Kortleggja gildandi samstarfssamninga við félagasamtök á sviði íþróttta menningar og tómstundamála.

Vinna þessi er að miklu leyti byggð á þeirri vinnu sem unnin var af starfshópum 2019 og til viðbótar var haft samband við forstöðufólk stofnana, ekki þótti ástæða til þess að kalla fleiri að borðinu í þetta sinn.

## Íþróttta og tómstundamál

Íþróttta og tómstundamál voru tekin fyrir á fundi 27. janúar og 3. febrúar.

### Íþrótttafélög

Starfshópurinn leggur til að samningar við íþrótttafélög í byggðakjörnunum öllum fái að renna sitt skeið, enda flestir eða allir með gildistíma til loka árs 2020. Nýta yrði haustið í hugsanlega endurskoðun og samræmingu á samningum og þeim kröfum sem sveitarfélög gera til íþrótttafélaganna.

### Rannsóknir og greining og Greiðslumiðlun

Lagt til að nýtt sveitarfélag taki við samningum Fljótsdalshéraðs við Rannsóknir og greiningu, og Greiðslumiðlun um Nóra og Hvata og þessir samningar verði útvíkkaðir fyrir nýtt sveitarfélag fyrir næsta skólaár.

### Stefna og nokkur verkefni

Lagt er til að farið verði í gagngera stefnumótun í íþrótt- og tómstundamálum fyrir nýtt sveitarfélag og verði Æskulýðsstefna Fljótsdalshéraðs höfð að leiðarljósi.

Einnig er lagt til að nýtt sveitarfélag verði Heilsueflandi samfélag í samstarfi við Embætti landlæknis.

Þá er lagt er til að Skapandi sumarstörf verði útvíkkuð fyrir nýtt sveitarfélag.

Lagt er til að íþróttafólki nýs sveitarfélags verði veittar viðurkenningar líkt og verið hefur í öllum byggðarkjörnum.

### Gjaldskrár og opnunartímar íþróttamannvirkja

Hópurinn leggur til að gjaldskrár íþróttamannvirkja og opnunartímar verði látnir halda sér út árið 2020. Hefja þarf vinnu við að endurskoða og samræma gjaldskrár og opnunartíma fyrir byrjun árs 2021.

### Styrkir íþrótt- og tómstundanevndar

Á Fljótsdalshéraði hefur íþrótt- og tómstundanevnd veitt styrki, verkefnamiðaða, í gegnum ákveðið umsóknaferli, en slíkt hefur ekki tíðkast í hinum byggðakjörnum. Lagt er til að slíkt fyrirkomulag gangi yfir nýtt sveitarfélag strax við sameiningu en í síðasta lagi í byrjun árs 2021.

### Íþróttavellir

Vallarstjóri taki yfir yfirumsjón umhirðu allra íþróttavalla og vallarhúsa í sveitarfélaginu. Hann hafi yfirsýn og faglega þekkingu á völlum þó svo að starfsfólk sveitarfélaganna sinni daglegri umsjón yfir sumarið.

### Þjónustukort

Lagt til að sveitarfélagið taki upp þjónustukort fyrir alla íbúa til að auka tengingu við alla byggðakjarnana og íbúanna sín á milli. Einfaldar íbúum að sækja alla þjónustu og finnist þeir vera hluti af heild. Eykur líkur á því að íbúar nýti sér þá þjónustu sem í boði er t.d. á bókasöfnum, íþróttamannvirkjum osfrv. Einfaldar og sparar vinnu, utanumhald og umsýslu.

### Tómstundaframlag

Lagt er til að fundnar verði leiðir til þess að jafna eins og hægt er aðstöðumun þeirra barna sem búa munu í nýju sveitarfélagi með tómstundaframlagi og/eða öðrum leiðum.

### Hreyfi- og heilsueflingarstyrkur starfsfólks

Ný bæjarstjórn er hvött til þess að bjóða upp á hreyfi- og heilsueflingarstyrk upp á 25.000 krónur, líkt og verið hefur á Fljótsdalshéraði, frá sameiningu eða sem fyrst eftir að nýtt sveitarfélag verður til.

### Íþróttafélög

Lagt er til að nýtt sveitarfélag hvetji til aukins samstarfs íþróttafélaganna og til þess þarf að taka tillit við úthlutun fjármagns til félaganna.

### Félagsmiðstöðvar

Fjármunir og starfsemi félagsmiðstöðvanna í þremur núverandi sveitarfélaga er ákaflega mismunandi. Hvatt er til aukins og reglulegs samstarfs á milli félagsmiðstöðvanna, starfsfólks og ungmenna, í öllum byggðarkjörnum. Um leið þarf að leggja línur að faglegri stjórnun og umgjörð miðstöðvanna og fjármögnun þeirra.

Ungmennaráð í nýju sveitarfélagið verði haft með í ráðum um starfsemi félagsmiðstöðvastarfs til framtíðar. Auk þess verði fjallað um framtíðarstarfsemi starfsins við gerð æskulýðsstefnu undir forystu starfsmanns málaflokksins.

### Stjórnsýsla íþróttá- og tómstundamála

Mikilvægt er að í nýju sveitarfélagi verði ráðinn inn tómstunda- og félagsmálafræðingur sem hefur yfirumsjón með skipulagningu og faglegu starfi á frístundasviði. Tækifæri felast í meiri samgangi og samstarfi í ýmsu starfi á frístundasviði, jafnt hjá börnum, unglíngum og eldri borgurum.

Nauðsynlegt er að í hverjum byggðakjarna sé aðili sem sinni áfram staðbundnum verkefnum í málaflokknum og sé tengiliður við íbúana.

## Menningarmál

Menningarmál voru tekin fyrir á fundi 12., 17. og 24. febrúar.

### Menningarstefna

Lagt er til að mótuð verði menningarstefna fyrir nýtt sveitarfélag og hefjist vinna við hana á árinu. Lögð verði áhersla á samstarf við stofnanir í sveitarfélaginu um hana. Skoðað verði með hvaða hætti er hægt að byggja á menningarlegri sérstöðu og styrkleikum byggðakjarnanna.

### Stjórnsýsla menningarmála

Lagt er til að við sveitarfélagið verði menningarfulltrúi yfirmaður málaflokksins. Mjög mikilvægt er hins vegar að í hverjum byggðakjarna sé aðili sem sinnir áfram menningartengdum verkefnum og sé tengiliður við íbúana. Sérstaða byggðakjarnanna birtist ekki síst í menningu þeirra og er mikilvægt að sinna málaflokknum vel þannig að staðinn sé vörður um það starf og þau verkefni sem menningarfulltrúar sveitarfélaganna hafa sinnt hingað til á hverjum stað. Það þýðir að í hverjum kjarna sé aðili sem áfram sinni eða hafi umsjón með ýmsum staðbundnum menningarverkefnum.

Er það skoðun hópsins að þessi málaflokkur eigi best heima undir bæjarráði eða þar sem honum er tryggður öruggur sess.

Lögð er áhersla á mikilvægi þess að aukið verði við fjármuni til menningarstarfs í nýju sveitarfélagi frá því sem nú er samanlagt í sveitarfélögunum. Þetta er m.a. vegna þess að áhersla er á mikið samstarf aðila og stofnana sem heyra undir málaflokkinn sem óhjákvæmilega kallar á ferðakostnað, þá er áhersla á að menningarstyrkjum verði úthlutað í nýju sveitarfélagið sambærilegt og gert hefur verið á Fljótsdalshéraði osfr.

### Söfn

Framtíð safna í nýju sveitarfélagið verði mörkuð í menningarstefnu nýs sveitarfélags, m.a. með aðkomu safnanna. Lagt er til að vinna við menningarstefnu hefjist síðar á árinu. Hér er um að ræða Minjasafn Austurlands, Tækniminjasafn Austurlands, Héraðsskjalasafn Austfirðinga og Ríkarðssafn á Djúpavogi. Í þeirri stefnu verði einnig mótuð aðkoma sveitarfélagsins að hinum ýmsu einkasöfnum í sveitarfélaginu en ýmis tækifæri felast í þeim t.d. með tilliti til ferðaþjónustu. Koma þarf á samtali við þessi söfn/setur um starfsemi þeirra þannig að þau geti blómstrað enn frekar.

Lagt er til að byggðasamlagi um Minjasafn Austurlands verði slitið og safnið heyri undir nýtt sveitarfélag.

### Bókasöfn

Lagt er til að starfsfólk bókasafnanna hafi ríkt og reglulegt samstarf sín á milli um fagleg málefni bókasafnanna, gjaldskrár, innkaup og nýjar leiðir í starfseminni.

Lögð er áhersla á að gjaldskrá bókasafnanna verði samræmd og að t.d. árgjald verði lagt niður á öllum bókasöfnum. Mikilvægt er að faglegur grunnur verði lagður að starfsemi safnanna með því að a.m.k. einn bókasafnsfræðingur starfi við söfnin. Hvatt er til þess að starfsfólk

## Sveitarfélagið Austurland

### Minnisblað fyrir fund Undirbúningsstjórnar 9. mars 2020

safnanna komi sem fyrst saman eftir að nýtt sveitarfélag verður til, en menningarfulltrúi kalli hópinn saman.

Lögð verði áhersla á að með útlán bókasafna verði inn í þjónustukorti sem lagt er til að sveitarfélagið taki upp (umfjöllun annars staðar).

#### Félagsheimili

Fimm félagsheimili eru í sveitarfélögunum í dag, þrjú á Fljótshéraði, eitt á Borgarfirði og eitt á Seyðisfirði og er rekstur þeirra og notkun ólík. Félagshimin gegna sum hver mjög miklu samfélagslegu hlutverki í byggðakjörnum.

Lagt er til að þessi félagsheimili heyri undir heimastjórnir. Gert verði ráð fyrir að heimastjórnir fái það verkefni að leggja til fyrirkomulag rekstrar þeirra í samstarfi við menningarfulltrúa og nefnd málaflokksins.

#### Menningarmiðstöðvar

Tvær menningarmiðstöðvar eru í nýju sveitarfélagi sem báðar fá fjármuni gegnum samning við SSA og eru hluti af kerfi þriggja miðstöðva á Austurlandi. Menningarmiðstöð Fljótshéraðs heyrir beint undir sveitarfélagið, Skaftfell á Seyðisfirði er sjálfseignarstofnun.

Lögð er áhersla á að menningarmiðstöðvarnar nýti sér þá sérþekkingu sem að hvor stöðin býr yfir og hafi samstarf varðandi t.d. fræðslu og verkefni fyrir íbúa og stofnanir innan sveitarfélagsins með áherslu á grunn- og framhaldsskólana.

Því er beint til nýrrar sveitastjórnar að tryggja rekstrarlegt öryggi miðstöðvanna.

#### Aðrar stofnanir

Í nýju sveitarfélagi er nokkur fjöldi annarra verkefna / stofnana á sviði menningar. Þetta eru stofnanir sem nýlega eru orðnar til, eru að hluta studdar af sveitarfélaginu, eða eru enn í mótun. Eftirfarandi er ekki tæmandi listi:

- *Lunga skólinn*

Lungaskólinn er lista lýðsskóli. Stuðningur nýs sveitarfélags við Lungaskólann verði skoðaður.

- *Ríkarðshús*

Fylgt verði eftir vinnu við gerð stefnu um starfsemi Ríkarðshúss á Djúpavogi.

- *Teigarhorn*

Nýtt sveitarfélag tryggi áframhaldandi stuðning.

#### Viðburðir

Mikilvægt er að staðið verði vörð um menningarverkefni sem orðið hafa til í samfélögunum s.s. leikfélög, Bræðsluna, LungA, Rúllandi snjóbolta, bæjarhátíðir ofl., með því að þau haldi sjálfstæði sínu og sveitarfélagið veiti þá aðstoð og stuðning sem nauðsynlegur er. Haft verði

Sveitarfélagið Austurland  
Minnisblað fyrir fund Undirbúningsstjórnar 9. mars 2020

fyrir reglu að gerðir séu samningar þegar um aðkomu sveitarfélagsins að verkefnum er að ræða.

Gerð verði sameiginleg viðburðadagskrá og hugað verði að samnýtingu listamanna og viðburða í nýju sveitarfélagi eins og hægt er.

Mótaður verði viðburður eða viðburðir / hátíðir sem dragi íbúana saman og stuðli að samkennd þeirra.

### Menningarstyrkir

Lagt er til að mótaðar verði reglur um úthlutun menningarstyrkja í nýju sveitarfélagi sem taki gildi frá og með 2021. Gert verði ráð fyrir fjármunum til þessa við gerð fjárhagsáætlunar í haust. Mat og úthlutun umsóknanna verði á hendi sérstakrar úthlutunarnefndar sem tilnefnd er af bæjarráði, auk þess sem menningarfulltrúi vinni að málinu. Lagt verði upp með að úthlutun fari fram þrisvar á ári.

**Einnig er lagt til að** hverfastjórnir hafi fjármuni til umráða sem þær geti sett í verkefni sem þær telja mikilvæg á sínu svæði. Mótaðar verði reglur þar sem m.a. verði fjallað um hvaða skilyrði þurfi að vera til staðar fyrir stuðningi við verkefni í gegnum hverfastjórnir.

XXX 9. mars 2020  
Kristján Ingimarsson, formaður starfshópsins